



**36. fundur Heimastjórnar Seyðisfjarðar
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 6. júlí 2023
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Björg Eypórsdóttir formaður, Jón Halldór Guðmundsson aðalmaður, Margrét Guðjónsdóttir aðalmaður, Björn Ingimarsson sveitarstjóri og Dagný Erla Ómarsdóttir fulltrúi sveitarstjóra.

Fundargerð ritaði: Dagný Erla Ómarsdóttir, fulltrúi sveitarstjóra

Dagskrá:

1. 202110137 - Hitaveita á Seyðisfirði

Á fundinn kom Óli Grétar Metúsalemsson, verkefnisstjóri Eflu, og fór yfir skýrslu starfshóps um framtíðarrekstur hitaveitu á Seyðisfirði. Verkefni starfshópsins var að móta tillögu að framtíðarfyrirkomulagi hitaveitu á Seyðisfirði á grundvelli fyrirbyggjandi niðurstaðna greiningarvinnu er unnin var af Eflu fyrir Múlaþing, HEF veitur og Rarik.

Heimastjórn þakkar Óla fyrir yfirferðina og hvetur sveitarfélagið til þess að kynna niðurstöðurnar fyrir íbúum Seyðisfjarðar sem fyrst.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Gestir

Óli Grétar Metúsalemsson - 13:00

2. 202306099 - Samráðsgátt. Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024 - 2038

Fyrir fundinum lágu drög að umsögn um tillögu til samgönguáætlunar 2024-2038 auk aðgerðaáætlunar 2024-2028 sem unnin var af sveitarstjóra, formönnum heimstjórna og starfsmönnum þeirra.

Heimastjórn Seyðisfjarðar tekur undir þær áherslur sem fram koma í drögunum en leggur áherslu á að tekið verður tillit til eftirfarandi bókuar við gerð umsagnar Múlaþings um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038:

Því ber að fagna að Fjarðarheiðargöng eru sem fyrr í forgangi metnaðarfullrar samgönguáætlunar. Heimastjórn Seyðisfjarðar ítrekar að Fjarðarheiðargöng eru fullhönnuð og tilbúin til útboðs. Það er því afar mikilvægt að vinna starfshóps um fjármögnun sérstakrar jarðgangaáætlunar verði ekki til að tefja upphaf framkvæmda frekar en orðið hefur. Nú þegar eru um 3 milljarðar áætlaðir til 2024 í Fjarðarheiðargöng í núgildandi samgönguáætlun, því er ekki eftir neinu að bíða. Forsendur sameiningar þeirra fjögurra sveitarfélaga sem nú mynda Múlaþing voru fyrst og fremst öruggar og áreiðanlegar samgöngur milli kjarnanna. Sú sameining getur ekki talist farsæl eða fullkomnuð á meðan Fjarðarheiðargöng og



Axarvegur bíða enn framkvæmda.

Starfsmanni falið að koma áherslum heimastjórnar á framfæri í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202206247 - Erindisbréf nefnda

Fyrir fundinum lá bókun byggðaráðs dags. 27. júní varðandi leiðir til að auka skilvirkni við afgreiðslur umsagna og leyfisveitinga sem eru á borði heimastjórna.

Heimastjórn Seyðisfjarðar gerir ekki athugasemdir við að fulltrúa sveitarstjóra verði veitt umboð til að veita umsagnir um rekstrarleyfi, sem hlotið hafa jákvæðar umsagnir allra tilskyldra aðila, sem og umsagnir er varða akstursíþróttir og aksturskeppnir. Fulltrúi sveitarstjóra getur vísað afgreiðslu umsagnar til heimastjórnar telji viðkomandi það æskilegt.

Starfsmanni falið að koma ábendingum til skrifstofustjóra í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202301014 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Seyðisfirði

Farið yfir stöðu mála.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30

